

Hatursumræða á netinu:
Múslimahatur á Íslandi

Bjarni Randver Sigurvinsson

Fyrirlestur á opnum fundi Mannréttindaráðs Reykjavíkur

10. desember 2013



© Bjarni Randver Sigurvinsson

Glærurnar ber að meta með gagnrýnu hugarfari með
hliðsjón af fyrirlestri. Öll birting og dreifing er bönnuð
án skriflegs samþykkis fyrirlesara!

Hatursorðræða

Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Höfundar:

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir
Iuliana Kalenikova

- Hópar sem hatursorðræða beinist að:
 - „Hatursorðræða á grundvelli kynþáttar eða trúarbragða ákveðinna hópa er sá áróður sem almenningur verður mest var við en þetta eru langt í frá einu hóparnir sem verða fyrir aðkasti í orðum og/eða verki. Þeir hópar samfélagsins sem hatursorðræða getur beinst að eru m.a. fólk frá Afríku/Asíu eða af afrískum/asískum uppruna, samkynhneigðir, tvíkynhneigðir og transgender einstaklingar, innflytjendur, ýmsir þjóðernishópar, trúarhópar, konur (einkum feministar), börn, fólk með fötlun og aðrir minnihlutahópar samfélagsins. [...] Hatursorðræða er oftast undanfari hatursglæpa og má því leiða líkur að því að hún beinist að sömu hópum og hatursglæpir.“

Hatursorðræða

Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Höfundar:

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir
Iuliana Kalenikova

- Tilmæli ráðherraráðs Evrópuráðsins nr. 97(20) um hvað hatursorðræða sé:
 - „[...] öll tjáning sem dreifir, hvetur til, stuðlar að eða réttlætir kynþáttahatur, útlendingahatur, gyðingahatur eða annars konar hatur sem byggist á umburðarleysi, þar á meðal umburðarleysi sem er tjáð með herskárri/ óvæginni þjóðræknisstefnu/þjóðernishyggju eða þjóðhverfum sjónarmiðum, mismunun og fjandskap gegn minnihlutahópum, farandverkafólki og fólki af erlendum uppruna“.
- Mannréttindadómstóll Evrópu um hatursorðræðu:
 - „hvers konar tjáningar, munnlegrar eða skriflegrar, sem dreifir, hvetur til, stuðlar að eða réttlætir hatur sem byggir á umburðarleysi (einnig vegna trúarbragða)“.



Fear, Inc.

The Roots of the Islamophobia Network in America

Wajahat Ali, Eli Clifton, Matthew Duss, Lee Fang, Scott Keyes, and Faiz Shakir

August 2011

- Skýrslan kortleggur helstu birtingarmyndir íslamsfælni í Bandaríkjunum, helstu hreyfingarnar sem þar eru í fararbroddi, fjármögnun þeirra og forystumenn.

The Islamophobia megaphone

How a tight network of anti-Muslim, anti-Islam foundations, misinformation experts, validators, grass roots organizations, religious right groups, and their allies in the media and in politics profoundly misrepresent Islam and American Muslims in the United States





- Menntamenn sem réttlæta baráttuna gegn múslimum og íslam.
 - **Steven Emerson** (um 1953-).
 - Stofnandi og framkvæmdastjóri *The Investigative Project on Terrorism*.
 - **Frank Gaffney** (1953-).
 - *Center for Security Policy*.
 - **Robert Spencer** (1962-).
 - Stjórnandi *Jihad Watch* hjá *David Horowitz Freedom Center*.
 - Meðstofnandi *Stop Islamization of America*.
 - Meðstofnandi *America Freedom Defence*.
 - **Daniel Pipes** (1949-).
 - *Middle East Forum*.
 - *Islamist Watch*.
 - **David Yerushalmi** (1956-).
 - *Society of Americans for National Existence*.



- Þeir sem réttlæta baráttuna gegn íslam á grundvelli eigin reynslu.
 - **Nonie Darwish** (1949-).
 - *Former Muslims United.*
 - *Arabs for Israel.*
 - **Zuhdi Jasser** ().
 - *American Islamic Forum for Democracy.*
 - **Walid Phares** (1957-).
 - *Future Terrorism Project.*
 - **Walid Shoebat** ().
 - Fyrrverandi múslimi sem segist hafa verið hryðjuverkamaður en gerðist kristinn.
 - **Ayaan Hirsi Ali** (1969-).
 - *AHA Foundation.*



- Aðgerðarsinnar í baráttu gegn múslimum og íslam.
 - **David Joel Horowitz** (1939-).
 - *David Horowitz Freedom Center.*
 - **Pamela Geller** (1958-).
 - *Stop Islamization of America.*
 - **Brigitte Gabriel** (1964-).
 - *ACT! for America.*
 - **Raymond Ibrahim** (1973-).
 - *David Horowitz Freedom Center.*
 - *Middle East Forum.*
 - **Ann Barnhardt** (1976-).

Skúli Skúlason myndir

Til baka í Myndasafnið · Myndir sem Mótætlum masku á Íslandi á · Síða Mótætlum masku á Íslandi



Líkar þetta

Skrifa ummæli



Mótætlum masku á Íslandi

Skúli Skúlason

Vegna mikillar eftirspurnar frá þeim sem vilja vita hvernig ég lét út þá er þessi mynd frá 1993. Það er í aðli fólks að vilja sjá andlit þess sem það les eftir eða talar við. Vonu að lesendum sláunum fæli myndin.

Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila · 4. mars 2012

10 aðilar kunna að meta þetta.



Tzvi Arieli Thanks G-d Iceland is not Holland yet and you don't have to fear for you life)))

4. mars 2012 kl. 09:31 · Líkar þetta · 2



Mótætlum masku á Íslandi Vill taka það frem að nú í nokkrar vikur hefur R.R. verið annar ritstjóri MMI og því er stór hluti af efni sláunum og færslum frá honum komið. Hann hefur staðist sig með þrýði og er fyrirmyndar ritstjóri.

4. mars 2012 kl. 09:31 · Líkar þetta · 1

Myndasafni: Skúli Skúlason myndir

Deilt með: Opinbert

Opna myndaskoðara

Hleða niður

Embed Post

Tilkyrma



Sel Gloppa í gegnum Rétthugsun Réttlæti

Myndin er hrifandi og snilldarverk - verulega umhugsunar verð.



Movie by Anders Behring Breivik - Knights Templar 2083

www.youtube.com

The man behind explosion in Oslo who killed 7 people, and about 90 youth people at Utøya outside Oslo July 22th



Fyrir 15 mínútum · Líkar þetta · Skrifa athugasemd · Deila



Sel Gloppa EVRÓPURÁÐIÐ VARAR VIÐ FJÖLMENNINGUNNI.

<http://hrydjuverk.wordpress.com/2011/02/20/evropuradid-varar-vid-fjolmenningunni/>

EVROPURADID VARAR VID FJOLMENNINGUNNI. «

Hrydjuverk's Blog

hrydjuverk.wordpress.com

Evrópuráðið, sem er verndari Mannréttindaskrárinnar, hefur stutt ...

Sjá meira

Fyrir 10 mínútum · Líkar þetta



Sel Gloppa ER SVÍÞJÓÐ FARIN Í HUNDANA?

<http://hrydjuverk.wordpress.com/2010/12/06/er-svithjod-farin-i-hundana/>

ER SVÍÞJÓÐ FARIN Í HUNDANA? « Hrydjuverk's Blog

hrydjuverk.wordpress.com

Þetta er myndband sem ég vildi ekki hafa þurft að gera. Eng...

Sjá meira

Fyrir 7 mínútum · Líkar þetta



Sel Gloppa MÚLLAH KREKAR HÓTAR NORMÖNNUM

<http://hrydjuverk.wordpress.com/2011/07/12/um-hinn-ofraega-mulla-krekar/>

UM HINN ÓFRÆGA MULLA KREKAR « Hrydjuverk's Blog

hrydjuverk.wordpress.com

Þessi menningarauðgari í Noregi reynir geysilega á trúginni Nor...

Sjá meira

Fyrir 5 mínútum · Líkar þetta



Sel Gloppa Hér er bókin hans Breivik: <http://www.2shared.com/file/M-s-2fBD/2083-AEuropeanDeclarationofInd.html>

Fyrir 3 mínútum · Líkar þetta

Skrifa ummæli...

facebook



Leita að fólki, stöðum og hlutum



Rétthugsun Réttlæti skrifaði ummæli við blog.pressan.is.

Í gær klukkan 10:49 · 🌐

Myndbandið hans Breivik er allt saman déjà vu. Það ætti ekki að koma á óvart. Það sem þér gremst er að þarna er verið að sýna Cultural Marxism í réttu ljósi. Það sem gömlu kommúnisitaþjóðirnar spörkuðu á ruslahauga.

Gagnrýni þín á Ólaf er bara vindhögg og lýsir grátkveinum manns sem saknar gamla Sovéttímabilið.



Ólafur Eff bitur hausinn af skömminni

blog.pressan.is

Ég veit ekki af hverju ég læt stjórnáamenn sem koma fram af óheilindum, heimsku og yfirdrepsskap fara svona í taugarnar á mér. Hvaða máli skiptir þótt Brynjar

Líkar þetta · Skrifa ummæli · Vakta innlegg



2 aðilar kunna að meta þetta.



Write a comment...

This comment will also be posted to blog.pressan.is.

Styrktir

Innhólf
mktmobi.



Við virð



32.049 m

Framab
promenn



ATKINS



JUST ONE NUKE ...



Líkar þetta

Skrifa ummæli



Mótmælum mosku á Íslandi

Það vantar ekki kjarnorkustríð á Kóreuskaga, það vantar bara eina á þennan stað, R.R.

Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila · 11. apríl



Torfi Trefotur og 8 aðrir kunna að meta þetta.

Top Comments ▾



Write a comment...



Viktor Orri Valgarðsson Og þið haldið að annað fólk sé hættulegt?

Líkar þetta · Reply · 🍌 3 · 2. ágúst kl. 08:37



Geir Mikkael Antonsson 100000000000 likes á það !!!

Líkar þetta · Reply · 🍌 1 · 12. apríl kl. 08:16



Rósa Johannsdóttir Mótmælum mosku á Íslandi allir sem 1 :

Líkar þetta · Reply · 🍌 1 · 12. apríl kl. 02:10



Viktor Stefánsson Siðleysi hjá ykkur
Skammarlegt að þið séuð að dreifa svona löguðu
ég hreinlega vorkenni ykkur fyrir að vera svona fáfróð

Líkar þetta · Reply · 2. ágúst kl. 19:50

Myndasafn: Tímalínumyndir

Deilt með: 🌐 Public

Opna myndaskoðara

Hlaða niður

Tilkynna

- STJÓRN MÁLALEGA ÍSLAM
- Hið heilaga stríð
- KVENNAKÚGUN Í ÍSLAM
- MÚHAMED OG KYNHNEIGÐIR HANS
- ORÐ, ORÐTÖK OG HUGTAKAFÖLSUN Í ÍSLAM
- ORÐABÓK Í ÍSLAM FYRIR HEIÐINGJANA
- PACT OF UMAR KHALÍFA (717-720).
- SHARIA LÖG
- SPÁNN UNDIR OKI ÍSLAMS FRÁ 711 TIL 1492.
- Sverð Spámannsins Múhameðs Úr 9. Kafa Kóransins.

- Flokkar
- Aðlögun
- Aðskilnaðarstefna
- Abrahamstrúarbrögðin
- Abu Hamza
- Afganistan
- Afhóðun
- Afmeyjun
- Afneitunin
- Afstæðishyggi
- Aftökur
- Ahmad Sedeeq vs Harmageddon
- al-Qaeda
- Alþingi Íslendinga
- Allah
- Alsír
- Andsetning
- Andspyrnuhreyfing gegn íslam
- Angóla
- Ann Barnhardt heitir

FORÐUMST OFBELDI.

Ég vil biðja alla sem stóðu að þessari gerð að gera ekki svona, því að það spillir okkar góða málstað í baráttunni gegn moskum og íslam á Íslandi. Við eigum að vinna eftir lýðræðislegum hefðum og kynna málstað okkar fyrir vinum okkar, stjórnmalamönnum, verkalyðsleiðtogum, þingmönnum, ráðherrum og flokksfélögum ásamt félögum okkar í verkalyðsfélögum. Við eigum að kynna málin í fjölmiðlum, útvörpum á youtube.com og á bloggnum. Þannig náum við árangri.

FÓRNARLÖMBIN

Múslímar vilja alltaf spila sig sem fórnarlömb vondra manna og þeir munu notfæra sér þetta atvik út í ystu æsar gegn okkur sem berjumst gegn vistun þeirra hér á Íslandi. Þeir munu telja að þeir, sem segja fréttir af voðaverkum þeirra erlendis og blogga um þau, hvað þá það fólk sem kann talsvert fyrir sér í Íslam og flettir ofan af hugmyndafræði þeirra séu í raun hinir seku og þess vegna nauðsynlegt að innleiða hér lög gegn „íslamsfælni“ eða „islamophobiu“. Loka beri því slíkum vefsíðum og hegna slíkum hugsanaglépamönnum. Það er nokkuð öruggt að næsta vinstri stjórn í landinu mun hjálpa þeim í þá veru.

STYRKJUM MÚSLÍMA TIL BROTTFARAR

Ríkisstjórn okkar á að styðja múslíma til að fara til baka til sinna heimalanda þar sem tiltölulega friðsamt er. Þó að múslímar séu enn fámennir hérna og vanmegnugir þá munu afkomendur þeirra verða til vandræða. Það tryggir hin **hatusfulla og fasista hugmyndafræði** þeirra með heilapvætti á heimilum þeirra og í moskum og menningarmiðstöðvum. Ríkisstjórnin þarf að banna Íslam, banna moskur og kóranskólana sem skýla sér undir nafninu „menningarmiðstöðvar“ „félagsheimili“ eða „upplýsingamiðstöðvar íslams.“ Og umfram allt banna íslenskum einstaklingum og stofnunum alla aðlögun að íslömskum siðum og háttum, hverju nafni sem þeir nefnast.

STÖÐVUM INNFLUTNING MÚSLÍMA STRAX.

Það á að stöðva algjörlega innflutning múslíma, og senda til baka alla múslímska hælisleitendur þegar í stað ásamt þeim, sem eru að biðja eftir borgararéttindum. Þeir sem hafa nú þegar borgararéttindi á að svipta þeim og skrá sem utangarðsfólk án borgararéttinda og þjónustu og takmarkaða mannúðarþjónustu þangað til þeir fara.

Það á samt að gefa öllum múslímum kost á því að afneita Íslam, afneita Sharialögum og sverja íslensku stjórnarskránni og lögum hollustueið. Aðeins með því geta þeir fengið að vera í landinu. Þeir þyrftu þá að fara í sálræna afruglun, ef svo má að orði komast hjá hæfum sálfræðingum.

Skrifað af Skúla Skúlasyni, þann 29. nóv. 2013..

stuðningsmanni lýðræðis, tjáningarfrelsis, jafnréttis og bræðralags meðal manna.

MÓTMÆLUM MOSKU Á ÍSLANDI er í dag með yfir 3,300 stuðningsmenn, sem allir eru að mótmæla mosku á Íslandi.

http://www.facebook.com/pages/Motmaelum-mosku-a-Islandi/134937909889448

- JIHAD MUSLIMA GEGN EKKI- MÚSLÍMUM.
- SÓMALSKEUR INNFlyTJANDI NAUÐGAR SÆNSKRI KONU Í HEL. SVÍAR Í ÁFALLI.
- FORMAÐUR FÉLAGS MÚSLÍMA SKÆLIR Í GEGN UM FRÉTTABLAÐIÐ.
- LÖGREGLAN HENDIR SÖNNUNARGÖGNUM
- MÍÐALDARÉTTVÍSI ARABÍUSKAGA TEKUR VÖLDIN Í RÉTTARSÖLUM ÞÝZKALANDS ?:
- ANGÓLA BANNAR ÍSLAM, EYÐILEGGUR MOSKUR.
- ÍSLAM – INNANBÚÐARÓVINURINN
- GÍSLINUM NAUÐGAÐ?
- FYRSTA HEIÐURSMÓRÐ Á HVÍTRI STÚLKU Í BRETLANDI.
- Sþ vara við: Hætta er á þjóðarmorði múslíma á kristnu fólk í Miðafrikulýðveldinu.

Fyrri færslur

Veldu mánuð

Flokkar

Veldu flokk

Blogroll

ahadithur

Atlas Shrugs

Ísland – Ísrael

Bækur um íslam

Eticha

Faithfreedom.org

Follow

The Hate Model



The Seven-Stage Hate Model ***The Psychopathology of Hate Groups***

By JOHN R. SCHAFER, M.A., and JOE NAVARRO, M.A.



- **Salmann Tamimi**, páverandi formaður Félags múslima á Íslandi, tónar kafla úr *Kóraninum* í troðfullri Hallgrímskirkju að viðstöddum Dalai Lama, biskupi Íslands, vígslubiskupi úr Skálholti og fulltrúum aðildarféлага Samráðsvettvangs trúfélaga á Íslandi sumarið 2009.

Aðgangur múslima að kapellu HÍ

Eftir Bjarna Randver Sigurvinsson



Bjarni Randver Sigurvinsson

FYRR í vetur bár-ust fregnir af því í fjölmiðlum að múslimar úr röðum stúdenta við Háskóla Íslands hefðu fengið leyfi hjá deildarforseta guðfræði- og trúarbragðafraeðideildar til að biðjast fyrir í kapellu Aðalbyggingarinnar yfir ramadan-hátíðina. Beiðni múslimanna sýnir ekki aðeins einlæga og sjálfsgæða þörf þeirra fyrir að fá að iðka trú sína í háskólasamfélaginu heldur leiðir hún einnig í ljós viðsýna og umburðarlynda afstöðu þeirra til kristinna manna og helgi-staða þeirra.

Þessi jákvæða afstaða múslimanna ætti engum að koma á óvart sem þekkingu hefur á trúarbragðafraeðum, enda líta þeir svo á að trúarbrögðin gyðingdómur, kristindómur og íslam eigi sameiginlegar rætur hjá ættföðurnum Abraham og varði öll trúna á hinn eina sanna Guð sem allir hlutir séu runnir frá, enda þótt þau greini á um með hvaða hætti hann nákvæmlega leiði manninn aftur til sín. Að kristnum skilningi opinberast Guð í persónu Jesú Krists og mætir manninum í lífi hans og boðun, krossdauða og upprisu, en múslimar segja að Jesús hafi aðeins verið spámaður sem hafi vísað veginn fram að Múhamed. Óhætt er að segja að margir kristnir menn á Íslandi hafi glæst yfir því að þessir múslimar hafi viljað leita Guðs í bæn í kristinni kapellu en að sama skapi komu einnig fram ýmsir sem ýmmissa hluta vegna gagnrýndu á opinberum vettvangi bænaöldum þeirra þar.

Í öllum trúarbrögðum eru skiptar skoðanir um hvernig líta beri á önnur trúarbrögð. Þannig tala trúarbragðafraeðingar um þröng (exclusive), opin (inclusive) og jafnvel fjölhyggulega (pluralistic) viðhorf innan allra trúarbragða til annarra og jafnvel innan sjálfrar helgiritra þeirra. Jafnt kristnir sem múslimar, sem hafa þrönga eða jafnvel í sumum tilfellum sér-

trúarlega afstöðu til annarra, myndu líklega gagnrýna það að helgistaðir þeirra yrðu notaðir til bænahalds af mönnum sem kenna sig við önnur trúarbrögð. Sumir myndu jafnvel ganga svo langt að tala um tvo aðgreinda guði þessara trúarbragða vegna ágreinings þeirra um með hvaða hætti Guð opinberi sig í vissum efnun. Aðrir myndu

segja að taka verði tillit til þess að staðurinn hafi eingöngu verið helgaður viðkomandi trú, hvað sem sagt verður um önnur trúarbrögð. Þeir sem hafa opna afstöðu til annarra trúarbragða eru hins vegar tilbúnir að viðurkenna hvað þeir eigi sameiginlegt og mætast á þeim grundvelli á m.a. helgistöðum sínum án þess þó að draga úr vægi þess sem aðskilur, en þeir sem teljast fjölhyggjusinnar líta svo á að flestar ef ekki allar leiðir til Guðs eða hins háleita sannleika, hvernig sem hann er skilgreindur, geti að lokum reynst jafngildir. Út frá sjónarhóli trúarbragðafraeðinnar geta öll þessi viðhorf átt rétt á sér.

Fjölmiörg dæmi eru um að kapellur og kirkjur þjóðkirkjunnar um land allt standi opnar öðrum kristnum kirkjudeildum sem ekki kenna sig við evangelísk-lútherska trúarhefð, svo sem rómversk-kaþólsku kirkjunni og Nýju postulakirkjunni. Þá eru sömuleiðis fjölmiörg dæmi um bæði þvertrúarlega fundi og athafnir í íslenskum kirkjubyggingum á undanförmum árum. Stofastíðið sumar bauð t.d. biskup Íslands guðleys-ingjanum Dalai Lama, forystumanni einnar helstu greinar tibetsks búddisma, til „samtrúarlegrar frídæristundar“ í Hallgrímskirkju þar sem fulltrúar nokkurra trúfélaga í landinu fengu sömuleiðis að halda ávarp og lesa texta úr helgiritum sínum. Í þessum hópi voru m.a. fulltrúar Ásatrúarfélagsins, Bahá'ía og Félags múslima á Íslandi en forystumaður þess síðastnefnda söng þar heilan kafa úr Kóraninum. Í raun er það yfirlyst stefna þjóðkirkjunnar að hvetja alla

» Vonandi mun kapellan standa öllum opin sem það vilja og eru tilbúnir að sýna hinu kristna helgihaldi þar tilhlýðilega virðingu óháð trúarafstöðu.

til að leita til Guðs og biðja til hans hvort sem er innan kirkjubygginga hennar eða utan, en sjálf gerir hún það í nafni Jesú.

Auðvitað skiptir máli hvernig staðið er að þvertrúarlegum samskiptum og athöfnum og þarf m.a. að gæta þess að helgihaldi allra hlutaðeigenda sé auðsýnd gagnkvæm virðing. Þannig er eðlilegt að ætlast sé til að þeir múslimar sem kjósi að biðja til Guðs í kristinni kapellu auðsýni helgihaldi þar tilhlýðilega virðingu og hlýji t.d. ekki trúartákn á borð við krossa. Engin ástæða er til að gagnrýna umgengni þeirra í háskólakapellunni og hefur raunar framkoma þeirra öll verið til fyrirmyndar. Öll trúfélög múslima á Íslandi hafa að sama skapi lagt sitt af mörkum til að stuðla að jákvæðum samskiptum fólks af öðrum trúarbrögðum hér á landi, m.a. í gegnum Samráðsnettvang trúfélaga.

Kapella Háskólans er ekki aðeins hlaðin kristnum trúartáknum, heldur er hún líka friðað mannvirki sem ekki verður breytt. Þess vegna getur hún ekki til frambúðar þjónað sem samtrúarlegt rými þar sem öllum væri gert jafnhátt undir höfði. Því ber að fagna að rektor skuli segja að Háskólinn hafi í hyggju að bjóða stúdentum upp á annað trúarlegt, hlutlausara bæna- og hugleiðsluherbergi eins og víða tíðkast erlendis. Vonandi mun þó kapellan einnig standa öllum opin sem það vilja og eru tilbúnir að sýna hinu kristna helgihaldi þar tilhlýðilega virðingu óháð trúarafstöðu og trúarbrögðum. Fjölmiargir þjóðkirkjumenn myndu fagna því.

Höfundur er starfsmaður trúarbragðafraeðistofu HÍ og stundakennari þar.

■ Rektor Háskóla Íslands ákvað að veita m.a. múslimum úr röðum nemenda aðgang að herbergi til bænahalds árið 2009.

- Bænaherbergið er í kjallar Aðalbyggingar HÍ.
- Í nokkra mánuði áður en bænaherbergið var útvegað fengu múslimar aðgang að kapellu háskólans til bænahalds.
- Tekist var á um réttmæti þess að veita múslimum aðgang að kapellunni í fjölmiðlum. Hér er dæmi um grein þar sem aðgengi múslima að kapellunni er varið.